

**Sp. 63. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]**

um, að myndastytta af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal í Noregi.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson,  
Halldór E. Sigurðsson, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að afsteypa af stytta Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni verði reist í Rivedal, Dalsfirði í Noregi og afhent Norðmönnum að gjöf frá Íslendingum sem tákn óbrotgjarnrar vináttu þjóðanna.

**Greinargerð.**

Fyrsti landnámsmaður Íslands, Ingólfur Arnarson, átti áður heima í Dalsfirði í Noregi. Þar um slóðir hyggja menn, að heimkynni hans hafi verið í Rivedal þar í firðinum. Víða í Noregi verður vart einlægrar vináttu til Íslendinga og hvergi þó fremur en í hinum fornu heimkynnum Ingólfs Arnarsonar. Íslendingar finna og hvergi betur til hinna nánu banda ætternis og vináttu, er tengja þá norsku þjóðinni. Þykir fara vel á því, að hin sama myndastytta af Ingólfi Arnarsyni, sem gnæfir yfir bæjarstæði hans í Reykjavík, verði einnig reist í Rivedal til merkis um og staðfestingar á vinarhug Íslendinga til sinnar norsku frændþjóðar.